

Borgarráð

Stýrihópur um mótun heildstæðrar stefnu í málefnum innflytjenda og flóttafólks

Hjálögð drög að erindisbréfi stýrihóps um mótun heildstæðrar stefnu í málefnum innflytjenda og flóttafólks eru lögð fram til staðfestingar borgarráðs. Óskað er eftir því að borgarráð tilnefni fulltrúa í stýrihópinn. Stýrihópurinn hafi það hlutverk að marka heildstæða stefnu og aðgerðaráætlun í málefnum innflytjenda og flóttafólks. Þannig mun Reykjavíkurborg lýsa yfir vilja sínum til þess að vinna að fjölmenningslegri þátttöku sem hluta af skuldbindingum sínum sem fjölmenningsborg (e. Intercultural Cities).

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Drög að erindisbréfi stýrihóps um mótun heildstæðrar stefnu í málefnum innflytjenda og flóttafólks.

ERINDISBRÉF

Stýrihópur um mótun heildstæðrar stefnu í málefnum innflytjenda og flóttafólks

Ábyrgðarmaður:

Borgarstjórinn í Reykjavík.

Hlutverk stýrihóps:

Stýrihópurinn hefur það hlutverk að marka heildstæða stefnu og aðgerðaráætlun í málefnum innflytjenda og flóttafólks. Þannig mun Reykjavíkurborg lýsa yfir vilja sínum til þess að vinna að fjölmenningslegri þátttöku sem hluta af skuldbindingum sínum sem fjölmenningsborg (e. Intercultural Cities).

Í vinnu sinni tekur stýrihópurinn mið af stefnumótun og aðgerðaráætlun í málefnum innflytjenda sem í gildi var á árunum 2009 -2012 hjá Reykjavíkurborg auk annarrar stefnumótunar í málaflokknum sem unnin hefur verið á einstökum sviðum innan borgarinnar. Sérstaklega þarf að huga að verkskiptingu ríkis og sveitarfélaga í þjónustu við innflytjendur og flóttafólk auk þess að skoða ólíkar þarfir einstaklinga sem hingað koma á ólíkum forsendum og stöðu þeirra sem jaðarsetra hópa.

Einnig verði hafðar til hliðsjónar skýrslur og rannsóknar sem gerðar hafa verið á þjónustu við hópana.

Helstu verkefni:

- Að gera tillögu um heildstæða stefnu Reykjavíkurborgar í þjónustu við innflytjendur og flóttafólk. Í stefnunni skal haft að leiðarljósi að koma til móts við ólíkar þarfir ólíkra hópa.
- Að kortleggja þá þjónustu sem nú er veitt innflytjendum og flóttafólki á vegum borgarinnar.
- Að skýra frekar ábyrgðarsvið á þeirri þjónustu sem innflytjendur og flóttafólk stendur til boða innan borgarinnar þ.m.t. ráðgjöf.
- Að hafa samráð við hagsmunahópa við stefnumótunina.
- Að gera tillögu um innleiðingarætlun á grundvelli stefnunnar.

Stýrihópurinn skipa:

Fulltrúi mannréttindaráðs

Fulltrúi Velferðarráðs

Fulltrúi Skóla – og frístundaráðs

Fulltrúi Menningar og ferðamálaráðs

Fulltrúi Umhverfis og skipulagsráðs

Fulltrúi Íþróttá- og tómsundaráðs

Starfsmenn:

Verkefnastjóri mannréttindaskrifstofu.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Við gerð stefnunnar leiti starfshópurinn ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu.

Starfstímabil:

Niðurstöður stýrihópsins verði lagðar fyrir borgarráð fyrir lok apríl 2017.

Reykjavík,

Dagur B. Eggertsson